

## Átak í útgáfu Náttúrufræðingsins

Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað 1889 og er á meðal örfárra félagsamtaka í landinu sem hafa starfað samfleytt í meira en heila öld. Tilgangur félagsins er að efla íslensk náttúruvísindi, glæða áhuga og auka þekkingu manna á öllu er snertir náttúrufræði. Í þessu skyni stendur félagið m.a. að útgáfu á Náttúrufræðingnum, sem er alþýðlegt fræðslurit um náttúrufræði.

Útgáfa Náttúrufræðingsins hófst árið 1931 og hefur verið samfelld í tæpa átta áratugi. Á þessu tímabili hefur útgáfan gengið stóráfallalaust fyrir sig og tekist að mestu leyti að gefa ritið út á réttum tíma. Á allra síðustu árum hefur hallað eilítið á þetta jafnvægi og í lok árs 2006 var útgáfan orðin tveimur árum á eftir áætlun.

Stjórn HÍN er mjög í mun að losna við útgáfahalann og því var ráðist í átaksverkefni í árslok 2006 með það að markmið að útgáfan verði komin á réttan kjöl á fyrri hluta árs 2009. Á síðasta ári tókst að snúa þróuninni við í rétta átt og komu þá út þrjú tvöföld hefti. Von er á nýjum Náttúrufræðingi innan tíðar.

Stjórnin hvetur félagsmenn, forsvarsmenn í vísindasamfélaginu og alla aðra áhugasama til að leggjast á áramar og setjast niður við ritsmíðar eða brýna aðra til dáða á ritvellingum og birta ritverk í Náttúrufræðingnum. Minna má á að margar greinar í Náttúrufræðingnum fjalla um rannsóknir á íslenskri náttúru sem hvergi eru birtar annars staðar. Greinar sem fjalla um rannsóknaniðurstöður eru ritryndar og ágríp á ensku fylgir greinunum. Upplag Náttúrufræðingsins er í dag um 1400 eintök.

Aðsetur ritstjórans, sem einnig er afgangslustjóri tímaritsins, er á Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, 200 Kópavogi. Símanúmer ritstjórans er 5700433, bréfasími 5700431 og netfang er hrefnab@natkop.is.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur  
Sími: 570 0430  
Netfang: hin@hin.is  
Heimasíða: hin.is  
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



## Félagsbréf

1. tölublað

Janúar 2008

33. árgangur

## Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags laugardaginn 23. febrúar 2008 kl. 14:00 í Safnahúsinu, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2007.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2007.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2007.
5. Tillaga til lagabreytingar.
6. Tillögur til ályktunar.
7. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

Kaffiveitingar verða í boði. Allir eru velkomnir!

## Netföng félagsmanna

Félagsmenn sem ekki hafa enn sent félaginu netföng sín eru eindregið hvattir til að gera það hið fyrsta. Netfangið er stjorn@hin.is eða hin@hin.is. Netföng félagsmanna eru notuð til að senda þeim tilkynningar um fræðsluerindi, fræðsluferðir og fleira sem félagið stendur fyrir. Netföngin verða ekki afhent þriðja aðila.

## ***Breyting á lögum HÍN – tillaga stjórnar***

Á næstkomandi aðalfundi HÍN, laugardaginn 23. febrúar 2008, mun stjórn HÍN leggja fram tillögu til breytingar á lögum félagsins. Um er að ræða 7. gr. þar sem fjallað er um aðalfund félagsins. Gildandi lagagrein er eftirfarandi:

„7. grein. Aðalfund félagsins skal halda í febrúar ár hvert, og skal dagskrá hans vera sem hér segir:

- a. Skýrt frá helstu framkvæmdum á liðna árinu.
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- c. Kosin stjórn og tveir skoðunarmenn reikninga og einn skoðunarmaður til vara.
- d. Önnur mál.

Aðalfund skal boða bréflega með hæfilegum fyrirvara þeim félagsmönnum, sem búa í Reykjavík og nágrenni. Aðalfundur er lögmatúr, ef löglega er til hans boðað. Á fundinum ræður einfaldur meirihluti úrslitum í öllum málum öðrum en þeim, er varða lagabreytingar. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi, þurfa þær að vera samþykktar með minnst 2/3 hluta atkvæða. Tillögu til lagabreytinga má því aðeins taka til afgreiðslu á aðalfundi, að hún hafi borist félagsstjórn fyrir áramót og verið kynnt félagsmönnum í fundarboði. Þó má hvorki breyta ákvæðum 2. gr. né 10. gr.“

Stjórn HÍN leggur til að eftirfarandi breyting verði samþykkt og varðar hún setninguna um boðun aðalfundar. Setningin er: „Aðalfund skal boða bréflega með hæfilegum fyrirvara þeim félagsmönnum, sem búa í Reykjavík og nágrenni.“ Setningin verði: „Aðalfund skal boða félagsmönnum með bréfi eða tölvupósti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.“

Lög HÍN má lesa á slóðinni [hin.is](http://hin.is) undir tenglinum „Um félagið“ á forsíðunni.

## ***Fræðsluerindi í febrúar***

Næsta fræðsluerindi HÍN á eftir erindi Hafdísar Hönnu Ægisdóttur, sem fram fer 28. janúar, verður haldið **mánudaginn 25. febrúar kl. 17:15, í stofu 132, Öskju**. Þá mun **dr. Jón Eiríksson**, jarðfræðingur hjá Jarðvísindastofnun HÍ, flytja erindi sem hann kallar: „**Setlög, lífríki og hafstraumar við Norðurland frá ísöld til okkar daga.**“

## ***Galápagoseyjar – paradís í hættu?***

*Fræðsluerindi HÍN mánudaginn 28. janúar 2008*

Fyrsta fræðsluerindi HÍN eftir áramót verður haldið mánudaginn 28. janúar 2008 og fer það fram í **stofu 132, Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands**. Það er **dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir**, plöntuvistfræðingur á Líffræðistofnun Háskólans, sem ríður á vaðið. Heitið á erindi hennar er „**Galápagoseyjar – paradís í hættu?**“

Galápagoseyjar með sínum risaskjaldbökum, skritnu sækembum og framandlegu fuglum eru sveipaðar dulúð og ævintýraljóma í hugum okkar flestra. Þessar virku eldfjallaeyjar eru staðsettar við miðbaug í um 1000 km fjarlægð frá meginlandi S-Ameríku og í kringum þær blandast heitir og kaldir hafstraumar. Samspil þessara þátta hafa skapað kjöraðstæður fyrir þróun hins einstaka lífríkis eyjanna og hafsins í kringum þær. Í því samhengi má minna á að eyjarnar eru einna helst þekktar fyrir að veita Darwin innblástur að hugmyndum sínum um þróun lífvera sem síðar urðu að þróunarkenningunni. Galápagoseyjar hafa verið þjóðgarður frá árinu 1959 og á náttúruminjasrá UNESCO frá árinu 1978. Þrátt fyrir landfræðilega einangrun og alþjóðlega verndun verður lífríki og náttúra eyjanna nú fyrir síauknu álagi sem gerði það að verkum að UNESCO setti eyjarnar á lista yfir náttúrleg svæði í hættu síðastliðið sumar.

Á útmánuðum síðasta árs fór fyrirlesari í fimm vikna rannsóknarleiðangur til Galápagoseyja. Í erindinu verður sagt frá leiðangrinum í máli og myndum og fjallað um lífríki og sögu eyjanna. Umhverfismál og þær hættur sem steðja að eyjunum verða ræddar og þeirri spurningu varpað fram hvort Galápagoseyjar séu paradís í hættu.

---

Fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar á tímabilinu september–maí að desember undanskildum. Erindin hefjast **kl. 17:15** og eru haldin í **Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans** við Sturlugötu í Vatnsmýri.

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í RÚV. Einnig er upplýsingar að finna á heimasíðu félagsins **hin.is**.

**Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.**